



# Ávísanir á ópíóíða og alvarleg fíkn

**Magnús Jóhannsson**

læknir

[magnus@landlaeknir.is](mailto:magnus@landlaeknir.is)

**Anna Björg Aradóttir**

sviðsstjóri

**Lárus S. Guðmundsson**

lyfjafræðingur

**Ólafur B. Einarsson**

verkefnisstjóri

Ópíóíðum er almennt ávísað við svæsum eða meðalsvæsum verkjum. Mest notuðu lyfin á Íslandi sem innihalda ópíóíða eru blöndur parasetamóls og kódeíns en árið 2014 fengu ríflega 22.000 einstaklingar ávísað Parkódín forte. Skammtur á hvern sjúkling af ávísunum af Parkódín forte á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2016 jókst um 17,5% samanborið við sama tímabil árið 2006 og er umhugsunarefni. Allra síðustu ár hefur hlutur Parkódíns haldist svipaður en aðrir ópíóíðar hafa verið að sækja á. Vegna þessarar þróunar hefur verkjalyfjanotkun á Íslandi verið að stíga í samburði við aðrar þjóðir en árið 2013 voru ávísanir ópíóíða í fyrsta sinn orðnar mestar á Íslandi af Norðurlöndunum.<sup>1</sup> Á síðustu árum hefur aukning orðið mest í notkun oxýkódons og búprenorfíns, sem er visst áhyggjuefni vegna vaxandi misnotkunar þessara lyfja erlendis. Ef litið er til lengri tíma kemur í ljós að heildar-notkun ópíóíða hefur meira en tvöfaldast á síðustu 20 árum, var um 7 DDD/1000 íbúa/dag árið 1995 en var komin yfir 18 árið 2014. Þessi mikla aukning kallar á skýringar.

Aukin notkun sterkra verkjalyfja hefur einnig átt sér stað hjá öðrum þjóðum sem hefur valdið ýmsum vandamálum þar sem hafa kallað á aðgerðir til að hefta óhóflegar ávísanir sterkra verkjalyfja. Í

mars voru kynntar leiðbeiningar og gátlisti fyrir almenna lækna í Bandaríkjunum sem meðhöndla fullorðna einstaklinga sem þjást af langvinnum verkjum.<sup>2</sup> Ástæðan fyrir því að Bandaríkjamenn eru að reyna að hefta ávísanir þessara lyfja er bæði misnotkunin á lyfjunum sjálfum en einnig sú staðreynd að einstaklingar sem misnota ópíóíða eins og oxýkódon eða búprenorfín, eru í aukinni hættu á að leiðast út í misnotkun enn hættulegri efna eins og heróíns. Þeir sem eru háðir sterkum verkjalyfjum eru 40 sinnum líklegri en aðrir til að verða heróínsprautufíklar og er óhóflegum ávísunum verkjalyfja meðal annars kennt um þann mikla heróínfaraldur sem geisar í Bandaríkjunum í dag. Árið 2011 létust þar í landi 1,4 á hverja 100 þúsund íbúa vegna heróínfíknar en voru árið 2013, aðeins tveimur árum síðar, komnir í 2,7 sem er tæplega tvöföldun.<sup>2</sup>

Heróín hefur ekki náð fótfestu á Íslandi en þeir einstaklingar sem glíma við sprautufíkn velja flestir metýlfenídat sem fyrsta kost samkvæmt nýlegri rannsókn.<sup>3</sup> Engar rannsóknir eru til hér á landi samþærilegar við þær sem eru til fyrir Bandaríkin sem benda til að ópíóíðafíkn auki líkur á sprautufíkn. Lyfjateymi Embættis landlæknis hafði 36 dauðsföll til skoðunar á árinu 2015 þar sem grunur leikur á að einstaklingar hafi látist vegna lyfjaeitrunar. Flestar banvænar lyfjaeitranir eru blandaðar þar sem nokkur lyf koma við sögu, oft ásamt áfengi. Ópíóíðar fundust í 19 af þessum 36 einstaklinga hópi eða rúmlega helmingi tilfella. Í hópnum voru 9 sem í fannst metýlfenídat en aðeins einn hafði fengið lyfinu ávísað á árinu fyrir andlát. Einnig fundust sterk verkjalyf í 6 af þeim 9 sem höfðu notað metýlfenídat fyrir andlátíð.

Þegar þróun í ávísunum verkjalyfja á Íslandi er skoðuð vaknar sú spurning

hvort ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að vaxandi hlutfall lyfjanna rati í hendurnar á öðrum en fengu þeim ávísað, fari á flakk. Í dag hafa allir lækna á Íslandi aðgang að lyfjagagnagrunni þannig að erfiðara er fyrir einstaklinga að fara á milli lækna og verða sér úti um sömu lyf á sama tíma. Gátlistinn sem var kynntur í Bandaríkjunum á fyllilega við um slíka meðferð hér á Íslandi. Þá er rétt að nefna að í mörgum tilfellum þegar fólk er að glíma við tilfallandi verki ætti að takmarka skammta ópíóíða eða velja vægari verkjalyf í stað ópíóíða. Fyrir einstaklinga sem glíma við krabbamein, miklar þjáningar vegna annarra alvarlegra sjúkdóma eða eru í líknandi meðferð eru ópíóíðar oft eini lyfjakosturinn. Það ber að hafa í huga að gagnsemi ópíóíða til verkjastillingar í skammtíameðhöndlun mikilla verkja, af öðrum toga en krabbameini, er vel staðfest í rannsóknum en aftur á móti hefur gagnsemi ópíóíða í langtíameðferð við verkjum ekki verið staðfest.<sup>4</sup> Meðferð langvinnra verkja getur verið mjög flókin og til að fást við það verkefni er verkjateymi starfandi á Landspítala. Mikil þörf er á úrræðum fyrir einstaklinga með langvinna verki utan spítalans sem mögulega væri hægt að sinna ef komið væri á fót verkjateymi á vegum heilsugæslunnar.

## Heimildir

1. Nomesco 2014.
2. [stacks.cdc.gov/mmwr/preview/mmwrhtml/mm6426a3.htm](https://stacks.cdc.gov/mmwr/preview/mmwrhtml/mm6426a3.htm)
3. Bjarnadóttir GD, Haraldsson HM, Rafnar BO, Sigurdsson E, Steingrímsson S, Johannsson M, et al. Prevalent intravenous abuse of methylphenidate among treatment-seeking patients with substance abuse disorders: a descriptive population-based study. *J Addict Med* 2015; 9: 188-94.
4. Franklin GM, American Academy of Neurology. Opioids for chronic noncancer pain: a position paper of the American Academy of Neurology. *Neurology* 2014; 83: 1277-84.